Miðvikudaginn 22. maí 1996.

Nr. 5/1996. **Samband íslenskra bankamanna**
(Sveinn Sveinsson hrl.)
gegn
Samninganefnd bankanna
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Endurskoðun kjarasamninga. Gerðardómur. Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Á. Haraldsson og Valgeir Pálsson.

Málið, sem tekið var til efnisdóms eða úrskurðar vegna frávísunarkröfu stefnda 14. þ.m., er höfðað með stefnu þingfestri 26. apríl 1996.

Stefnandi er Samband íslenskra bankamanna, kt. 550269-7679, Snorrabraut 29, Reykjavík.

Stefndi er Samninganefnd bankanna, kt. 491182-0329, Austurstræti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að 3. mgr. 4. gr. Samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977 milli Sambands íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráðs ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra er síðar hafa undirritað samkomulagið hins vegar, verði skýrð á þann veg, að það sé hverju sinni ákvörðun þar tiltekins gerðardóms hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar á launalið kjarasamningsins og aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 4. gr. með vísan til ákveðins tilefnis.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins og að stefndi verði dæmdur til að bæta stefnanda þann kostnað sem hann hefur af greiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins og við þá ákvörðun verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo: Með lögum nr. 34/1977 fengu bankastarfsmenn í ríkisbönkunum samnings- og verkfallsrétt. Í 9. gr. laganna er gert ráð fyrir að aðilar geri með sér „samkomulag um gerð kjarasamninga, framkvæmd vinnustöðvunar og önnur þau atriði, er máli skipta og ekki er kveðið á um í lögum þessum".

Samkomulag aðila tók gildi á sama tíma og lögin eða þann 12. maí 1977. Síðar hafa aðrir bankar og sparisjóðir og fyrirtæki bankanna gerst aðilar að samkomulaginu. Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um gerð kjarasamninga milli aðila og í 3. og 4. mgr. er gert ráð fyrir að eftir ósk annars hvors aðilans geti endurskoðun að gefnu sérstöku tilefni farið fram á launalið kjarasamningsins einu sinni á samningstímanum. Þá er gert ráð fyrir að nái aðilar ekki samkomulagi skuli ágreiningsatriðum skotið til úrlausnar gerðardóms.

Með bréfi, dags. 23. febrúar 1996, óskaði stefnandi eftir því við samninganefnd bankanna að launaliður kjarasamnings aðila frá 8. júní 1995 yrði tekinn til endurskoðunar. Vísað var til 4. gr. samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977. Til stuðnings óskar stefnanda er það fullyrt að í kjarasamningum sem samanburðahópar samtakanna innan vébanda BSRB og BHMR gerðu á árinu 1995 hafi í ljós komið, að þeir hafi náð fram umtalsvert meiri hækkun launa en SÍB í samningnum frá 8. júní 1995. Því til stuðnings lagði SÍB fram gögn frá Þjóðhagsstofnun.

Á fundi sem aðilar héldu um kröfuna kom fram af hálfu bankanna, að þeir teldu ekki vera sérstakt tilefni til endurskoðunar kjarasamningsins með vísan til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Í framhaldi af því krafðist SÍB með bréfi, dags. 28. mars 1996, að aðilar kæmu saman til fundar til að skipa oddamann gerðardóms. Var bönkunum jafnframt afhent umsögn lögmanns stefnanda um ágreining aðila.

Með bréfi, dags. 29. mars 1996, óskaði stefndi eftir fresti til að svara kröfu um sameiginlega tilnefningu oddamanns í gerðardóminn. Með bréfi stefnanda til stefnda, dags. 1. apríl, var stefnda gefinn

viðbótarfrestur til 10. apríl 1996 þar sem 30 daga frestur skv. 4. gr. samkomulagsins var liðinn.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1996, hafnaði stefndi því að standa að skipan oddamanns í gerðardóm og bar því við að SÍB hafi ekki sýnt fram á að skilyrði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins væri til staðar. M.a. heldur stefndi því fram í bréfinu að rök þau sem stefnandi hefur sett fram séu ekki þess eðlis að gerðardómurinn eigi að taka til starfa.

Á árunum 1981 og 1986 setti stefnandi fram kröfur um að launaliður þágildandi kjarasamninga skyldi endurskoðaður með vísan til 4. gr. samkomulagsins. Í báðum tilfellum var stefndi þeirrar skoðunar, að launaliðurinn skyldi ekki hækka þar sem rök fyrir hækkunarkröfunni væru ekki nægjanleg. Engu að síður skipuðu aðilar sameiginlega oddamann gerðardómsins. Í báðum tilfellum komst gerðardómurinn að þeirri niðurstöðu að skilyrði væru til hækkunar launaliðarins.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi heldur því fram að túlka beri ákvæði 3. mgr. 4. gr. Samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB á þann veg að aðilum beri skylda til að tilnefna sameiginlega oddamann í gerðardóminn þegar annar aðilinn hefur sett fram kröfu þess efnis með forsendum.

Stefnandi leggur á það áherslu að útilokað sé að sá aðili sem krafan beinist gegn hverju sinni geti útilokað tilnefningu oddamannsins aðeins með því að vera annarrar skoðunar um það tilefni sem vísað er til. Hann geti ekki verið sá aðili sem bær sé til að leggja á það mat hvor skoðunin sé rétt. Ef svo væri gæti hann hvenær sem er staðið í vegi fyrir því að ákvæðið um gerðardóminn væri nýtanlegt.

Stefnandi vísar til þess að í öllum tilfellum sem krafist hafi verið endurskoðunar á launaliðnum og til atbeina gerðardómsins hafi þurft að koma, hafi ákveðin rök verið færð fyrir kröfunni. Í því tilfelli sem aðilar standi nú frammi fyrir vísar stefnandi til mats Þjóðhagsstofnunar frá 17. nóvember 1995 um mat á kjarasamningum ríkisins 1995 til 1996 samanber framlagt dómskjal. Þar komi fram, að laun þeirra starfshópa sem hafðir voru til viðmiðunar þegar aðilar gerðu sinn kjarasamning hefðu fengið meiri prósentuhækkun launa en vitað hafi verið um og aðilar þessa máls hefðu haft til viðmiðunar þegar þeir gerðu kjarasamning sinn. Fjármálaráðherra hafi kynnt þessar niðurstöður á Alþingi.

Stefnandi telur það hlutverk gerðardómsins að segja til um hvort efni til endurskoðunar sé til staðar. Sé það til staðar ákveði gerðardómurinn breytingu á launaliðnum eða ákveði að ekki sé tilefni til breytinga.

Ákvæðið í 4. gr. samkomulagsins hafi allt frá því að það var sett verið notað af báðum aðilum til að verja að gengið sé til samninga hverju sinni um hækkun launaliðarins jafnvel þó ekki sé ljóst hvað felist í þeim samningum annarra stéttarfélaga sem gerðir hafa verið áður. Hafi það fyrst og fremst verið miðað við launasamninga BHMR og BSRB. Hafi hugsunin verið sú að semja um grunnkaupshækkanir þessara stéttarfélaga eins og best sé um þær vitað en upptökuákvæðið notað til að koma við leiðréttingum vegna nýrra upplýsinga um grunnkaupshækkanir og hækkanir sem síðar komi til út úr sérkjarasamningum nefndra stéttarfélaga. Komi ofangreint skýrt fram í þeim tveimur gerðardómum sem upp hafi verið kveðnir.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 130., sbr. 129. gr. eml. nr. 91/1991. Stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmannsþjónustu. Stefnandi kveður málið eiga undir Félagsdóm skv. 8. gr. laga nr. 34/1977.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda sé hrundið.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Frávísunarkröfu sína rökstyður stefndi með því að í dómkröfu sinni geri stefnandi kröfu um að viðurkennd verði með dómi tiltekin skýring á 3. mgr. 4. gr. Samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977, í greinargerð stefnda nefnt samkomulagið, og þá ekki bara í þessu máli heldur almennt því þess sé krafist „að það sé hverju sinni ákvörðun" hins umsamda gerðardóms hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar á launalið kjarasamningsins og aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 6. gr. með vísan til ákveðins tilefnis.

Stefndu telja að með þessu sé verið að krefja Félagsdóm álits um lögfræðilegt efni með þeim hætti að fari í bága við 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Þá telja stefndu að 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 eigi hér heldur ekki við. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins skal Félagsdómur dæma um ágreining um skilning á kjarasamningi.

Vegna þess með hvaða hætti stefnandi setur fram dómkröfu sína eigi stefndi ekki þess kost að hafa uppi andsvör af sinni hálfu sem byggð séu á tilteknu málsatviki og þar með að færa fram sjónarmið um til hvaða niðurstöðu það eitt og sér eigi að leiða. Stefnandi gerir hins vegar kröfu um að Félagsdómur láti uppi skýringu sem eigi að gilda til framtíðar óháð því hvaða atvik kunna að verða uppi þá.

Stefndu benda jafnframt á að það ákvæði sem stefnandi gerir kröfu um að Félagsdómur skýri með tilteknum hætti sé hluti af því samkomulagi sem bankaráð ríkisbankanna og Samband íslenskra bankamanna skuli samkvæmt 9. gr. laga nr. 34/1977 gera með sér „um gerð kjarasamninga, framkvæmd vinnustöðvunar og önnur þau atriði, er máli skipta og ekki er kveðið á um í lögum" nr. 34/1977. Verði það niðurstaða Félagsdóms að samkomulagið teljist kjarasamningur í merkingu 8. gr. laga nr. 34/1977 verði að telja að aðilar hljóti hverju sinni að geta leitað úrlausnar Félagsdóms um hvort það tilvik, sem annar hvor aðili kjarasamnings starfsmanna bankanna vill nota til að krefjast endurskoðunar samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, uppfylli það skilyrði að vera „að gefnu sérstöku tilefni". Sama hljóti einnig að gilda um önnur atriði sem reynt getur á við túlkun skilyrða fyrir því að 3. mgr. 4. gr. verði beitt, þ.m.t. hvernig beri að skýra orðin „á samningstímanum".

Sýknukrafa stefnda er á því byggð að það sem stefnandi hafi í bréfi sínu frá 23. febrúar 1996 fært fram til stuðnings ósk sinni um endurskoðun launaliðar á grundvelli 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins uppfylli ekki þær kröfur sem ákvæðið geri til þess að slík endurskoðun fari fram. Í bréfi stefnanda frá 23. febrúar 1996 sagði um tilefni þess að óskað var endurskoðunar, að stefnandi liti svo á að í kjarasamningum sem „samanburðarhópar samtakanna innan vébanda BSRB og BHMR" hefðu gert á árinu 1995, hefðu þessir hópar náð fram umtalsvert meiri hækkun launa en stefnandi í samningnum frá 8. júní. Tekið er fram í bréfinu að til stuðnings þessu séu lögð fram gögn frá Þjóðhagsstofnun.

Kjarasamningur starfsmanna bankanna hafi verið undirritaður 8. júní 1995 og gildir fyrir tímabilið 1. apríl 1995 til 31. desember 1996. Þó að ekki komi fram í bréfi stefnanda frá 23. febrúar 1996 nákvæmlega hverjir séu „samanburðarhópar samtakanna innan vébanda BSRB og BHMR" megi ætla miðað við fyrri afstöðu stefnanda að þar sé fyrst og fremst um að ræða félaga innan Starfs-

mannafélags ríkisstofnana og Félags starfsmanna stjórnarráðsins, en kjarasamningar beggja þessara félaga við ríkið voru undirritaðir 17. maí 1995. Kjarasamningar þessara „samanburðarhópa" hafi því legið fyrir þegar kjarasamningur starfsmanna bankanna var gerður og hið sama gilti um fleiri samninga opinberra starfsmanna. Af því leiði að upplýsingar um efni þessara kjarasamninga hafi verið aðilum kjarasamnings bankanna aðgengilegar og það á færi samningsaðila að ákveða í hvaða mæli þeir reistu kröfur sínar á samanburði við þá kjarasamninga. Þau atvik sem stefnandi vilji nú byggja á að séu tilefni kröfu um endurskoðun samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins og falli þar með undir orðin „að gefnu sérstöku tilefni" í ákvæðinu hafi því legið fyrir þegar kjarasamningur starfsmanna bankanna var gerður 8. júní 1995.

Stefndi telur jafnframt að stefnandi hefði þurft að skýra það nánar hvaða einstöku atriði í kjarasamningum annarra aðila áttu að vera tilefni þess að heimilt væri að krefjast endurskoðunar á launalið samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins.

Stefndi lítur svo á að það sé liður í samningsfrelsi aðila að þegar þeir ganga til samninga, setja fram kröfur og ljúka viðræðum með gerð kjarasamnings hafi samningsaðilar með frjálsu samkomulagi tekið afstöðu til og afgreitt með skuldbindandi hætti þær aðstæður sem uppi eru og hafa verið fram til undirritunar kjarasamnings, þ.m.t. kröfur sem byggðar eru á samanburði við aðra starfshópa. Annar samningsaðilinn geti því ekki á grundvelli 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins komið fram með kröfu eftir gerð kjarasamnings um endurskoðun á launalið kjarasamningsins sem byggð er á atvikum sem þegar lágu fyrir við gerð kjarasamnings aðila. Vísar stefndi sérstaklega til þess að þessi skilningur sé staðfestur í orðalagi ákvæðisins, en þar segi að hægt sé að krefjast endurskoðunar á launalið kjarasamnings „á samningstímanum". Með kröfugerð sinni sé stefnandi í raun að afsala sér samningsfrelsinu og fallist Félagsdómur á kröfu stefnanda liggi fyrir að framvegis gagni lítt fyrir aðila að semja sjálfstætt um laun bankamanna, því báðir aðilar geti jafnan fengið launalið kjarasamningsins færðan til samræmis við niðurstöður annarra kjarasamninga svonefndra samanburðarhópa. Og þannig gæti samninganefnd stefnanda sótt eftir á hækkanir sem aðrir hefðu samið um, en hefði verið hafnað í kjarasamningum starfsmanna bankanna. Með sama hætti ætti samninganefnd stefnda kost

á því að fá launalið kjarasamnings starfsmanna bankanna lækkaðan með tilvísun til annarra kjarasamninga sem hljóðuðu um minni hækkanir, heldur en samið hefði verið um í kjarasamningi starfsmanna bankanna.

Um þá málsástæðu stefnanda að það sé hlutverk gerðardómsins að segja til um hvort tilefni til endurskoðunar sé til staðar, bendir stefndi á að ákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins kveði ekki eingöngu á um gerðardómsmeðferð, heldur skuli viðræður aðila vera undanfari hennar. Á það hvort uppfyllt sé skilyrðið um „að gefnu sérstöku tilefni" reyni áður en til gerðardómsmeðferðar kemur eða þegar taka þarf afstöðu til þess hvort aðilum beri „þegar í stað að hefja viðræður." Eigi aðili sem á þessu stigi heldur því fram að ekki séu uppfyllt skilyrði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins ekki kost á því að fá slíkt prófað fyrir dómstólum, sé hann í raun sviptur möguleikanum á því að láta reyna á hvort ná megi niðurstöðu um sjálfa endurskoðunarkröfuna í viðræðum aðila. Ákvæði 3. mgr. 4. gr. um gerðardómsmeðferðina sé undantekningarregla frá hinni almennu reglu um samningsfrelsi aðila og hana beri að túlka þröngt, og þannig að túlkun hennar útiloki ekki að aðilar eigi þess kost að láta reyna á hvort þeir ná að semja um sín mál.

Til viðbótar bendir stefndi á að í lok 3. mgr. 4. gr. sé um gerðardóminn vísað til ákvæðis 6. gr. samkomulagsins. Í nefndri 6. gr. séu starfshættir gerðardómsins skýrðir. Þar segi að gerðardómurinn skuli í úrskurði sínum „taka tillit til starfskjara og þróunar þeirra við sambærileg störf á vinnumarkaði almennt" o.s.frv. Af þessu megi ljóst vera að gerðardóminum sé eingöngu ætlað að leggja mat á þessi tilteknu atriði, þ.e. að framkvæma samanburð á starfskjörum, en ekki að meta hvort fram séu komin þau atvik að skilyrði séu til þess að endurskoðunarákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins verði virkt. Úrlausn um það atriði verði ekki byggð á því sem gerðardómurinn skuli líta til í úrskurði sínum og það sé því ekki verkefni gerðardómsins að fjalla sjálfstætt um það, hvort skilyrði séu uppfyllt til að endurskoðunarákvæði 3. mgr. 4. gr. verði virkt, þ.e. hvort skylda til viðræðna aðila er komin fram og þá eftirfarandi gerðardómsmeðferð, ef viðræður leiða ekki til lausnar.

Sé málið hins vegar komið til gerðardómsins beri honum eðlilega að meta, hvort samanburður við starfskjör og þróun þeirra við sambærileg störf gefi tilefni til endurskoðunar á launaliðnum.

Vegna þeirra orða stefnanda „að útilokað sé að sá aðili sem krafan beinist gegn hverju sinni geti útilokað tilnefningu oddamannsins aðeins með því að vera annarrar skoðunar um það tilefni sem vísað er til“ tekur stefndi fram að hann fái ekki séð að afstaða stefnda í þessu máli leiði til þeirrar niðurstöðu sem stefnandi heldur fram. Sé uppi ágreiningur um það hvort fram séu komin skilyrði til þess að endurskoðunarákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins verði virk eigi sá aðili sem ekki vill una afstöðu gagnaðilans í því efni, þ.e. neitun um að hefja viðræður og/eða taka þátt í tilnefningu oddamanns, þess kost að fá skorið úr þeim ágreiningi fyrir dómstólum. Það sé því alls ekki rétt sem stefnandi heldur fram að stefndi sé með afstöðu sinni að koma í veg fyrir að ákvæðið um gerðardóminn verði nýtanlegt.

Stefndi telur að þau gerðardómsmál sem stefnandi vísar til hafi ekki fordæmisgildi í þessu máli. Breytt rekstrarskilyrði banka og þeirra fjármálafyrirtækja og stofnana sem félagsmenn stefnanda starfa hjá hafi leitt til þess að samanburður við tiltekna starfshópa hjá ríkinu eigi ekki lengur við.

Krafa um sýknu er auk þess sem að framan greinir byggð á því að dómkrafa stefnanda leiði til of víðtækrar niðurstöðu gagnvart stefnda. Dómur þar sem krafa stefnanda væri tekin til greina girti fyrir að stefndi ætti þess kost í framtíðinni að fá úrlausn dómstóla um beitingu 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins.

Krafa stefnda um frávísun málsins er byggð á 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Sýknukrafan er byggð á túlkun á 3. mgr. 4. gr., sbr. 6. gr. „Samkomulags um kjarasamning félagsmanna SÍB“, sbr. 9. gr. laga nr. 34/1977.

Málskostnaðarkrafan er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Að ósk lögmanna aðila var málið flutt samtímis um frávísunarkröfu stefnda og efni.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins fara bankaráðin annars vegar og Samband íslenskra bankamanna hins vegar með fyrirsvar við gerð og framkvæmd kjarasamnings og skulu skipa samninganefndir til að fara með samninga af sinni hendi. Segir í 8. gr. laganna að Félagsdómur

dæmi í málum, sem rísa milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna og kjörskrárdeilur. Núgildandi kjarasamningur aðila er frá 8. júní 1995 og gildir hann til 31. desember 1996. Á grundvelli laganna var gert samkomulag um kjarasamninga félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna (SÍB). Í samkomulaginu er meðal annars fjallað um hverjir fari með fyrirsvar við gerð kjarasamninga og hvernig samningar skuli fram fara. Þá er þar að finna ákvæði þess efnis að um laun og önnur starfskjör skuli fara eftir atriðum samkomulagsins og kjarasamningum sem gerðir eru samkvæmt því. Þegar litið er til þessara ákvæða svo og þess að samkomulagið er gert á grundvelli framangreindra laga er fallist á það með stefnanda að líta beri á samkomulagið sem hluta kjarasamnings aðila.

Skal þá litið til þess hvort krafa stefnanda fari í bága við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Á þessu er byggt af hálfu stefnda og því jafnframt haldið fram að krafan styðjist ekki við neitt ákveðið atvik, heldur sé verið að krefjast skýringar á efnisákvæðum samkomulagsins sem gilda eigi framvegis í samskiptum aðila.

Telja verður að kröfugerð stefnanda sé sett fram í tilefni af neitun samninganefndar bankanna um skipun oddamanns. Þar sem aðila greinir á um skilning á 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins verður eigi talið, að með kröfunni sé leitað álits um lögfræðilegt efni, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Félagsdómi ber að fjalla um ágreining er upp kemur milli aðila um skilning á kjarasamningi, sbr. l. mgr. 8. gr. laga nr. 34/1977. Sá ágreiningur er hér um ræðir fellur þar undir. Fellur því ágreiningur aðila undir Félagsdóm, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og 8. gr. laga nr. 34/1977, samanber og 15. gr. samkomulagsins. Ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Krafa stefnanda er tvíþætt. Annars vegar er krafist viðurkenningar á því að það sé ákvörðun gerðardóms aðila að kveða á um, hvort skilyrði endurskoðunar launaliðs séu til staðar hverju sinni. Hins vegar er krafist viðurkenningar á því að aðilum beri að skipa oddamann í gerðardóminn skv. 6. gr. samkomulagsins geri annar hvor aðilinn kröfu um endurskoðun með vísan til ákveðins tilefnis.

Í 3. mgr. 4. gr. framangreinds samkomulags aðila segir: „Óski annar hvor aðila að gefnu sérstöku tilefni, endurskoðunar á launalið kjarasamnings á samningstímanum, skulu aðilar þegar í stað

hefja viðræður. Náist ekki samkomulag innan þrjátíu daga skal ágreiningsatriðum skotið til úrlausnar gerðardóms, sbr. ákvæði 6. gr.“ Aðila máls þessa greinir á um hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar á launalið kjarasamnings þeirra, en það deiluefni er hér ekki til úrlausnar. Það sem hér er til úrlausnar er hvort annar aðila samkomulagsins geti með vísan til þess að hann telji ekki nægjanlegt tilefni til endurskoðunar, þannig komið í veg fyrir að málið fari til sérstaks gerðardóms.

Ákvæði þetta ber með sér, að tilgangur þess er að málum verði hraðað, komi upp ágreiningur milli aðila. Við skýringu þess er helst að styðjast við önnur ákvæði samkomulagsins, lög nr. 34/1977 og fyrri samskipti aðila. Báðum aðilum er heimilt að óska endurskoðunar á launalið kjarasamnings á samningstímanum, að gefnu sérstöku tilefni. Ákvæðið hefur ekki að geyma nánari skýringu á því hvað teljist „sérstakt tilefni“. Af lokamálslið 6. gr. samkomulagsins má þó ráða, að launabreytingar viðmiðunarhópa sem þar eru nefndir geti fallið þar undir.

Af hálfu stefnanda eru launahækkanir viðmiðunarhópa tilgreindar sem tilefni endurskoðunar launaliðar, en því er hins vegar haldið fram af stefnda að launahækkanir viðmiðunarhópa bankamanna hafi legið fyrir við undirritun kjarasamnings aðila. Þessu mótmælir stefnandi og heldur því fram að þær hafi ekki komið fram fyrr en löngu síðar. Í máli þessu liggur fyrir að samkomulag náðist ekki með aðilum um endurskoðun launaliðar. Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal ágreiningsatriðum þegar svo er komið skotið til gerðardóms. Stefndi hins vegar neitaði skipun oddamanns.

Telja verður að slík einhliða neitun annars aðilans gangi þvert gegn upphaflegum tilgangi ákvæðisins, enda yrði honum aldrei náð ef slík heimild væri fyrir hendi. Þá er til þess að líta að aðilar hafa áður skotið ágreiningi sínum til gerðardóms, þótt ekki væru þeir á eitt sáttir um það hvort sérstakt tilefni væri til endurskoðunar. Er því fallist á það með stefnanda að gerðardómur aðila geti hverju sinni metið hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar launaliðar kjarasamnings og að aðilum beri að taka þátt í skipun oddamanns í gerðardóminn þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunar launaliðar. Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Frávísunarkröfu stefnda, Samninganefndar bankanna vegna bankanna, er hrundið.

Krafa stefnanda, Sambands íslenskra bankamanna, er tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Valgeirs Pálssonar.

Ég er sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda um að líta beri á samkomulag um kjarasamninga félagsmanna stefnanda (SÍB) sem hluta kjarasamnings aðila. Því eigi ágreiningur um skilning á samkomulaginu undir dómsvald Félagsdóms.

Í hnotskurn snýst ágreiningur málsaðila samkvæmt gögnum málsins um það hvort stefnda sé skylt að ljá atbeina sinn að því að gerðardómur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. umrædds samkomulags, leysi úr ágreiningi um endurskoðun á launalið gildandi kjarasamnings aðila. Hér fyrir dómi hefur stefnandi gert þá kröfu, „að viðurkennt verði með dómi að 3. mgr. 4. gr. samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977, milli Sambands íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráðs ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra er síðar hafa undirritað samkomulagið hins vegar, verði skýrð á þann veg, að það sé hverju sinni ákvörðun þar tiltekins gerðardóms hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar á launalið kjarasamnings, og aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins, þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 4. gr. með vísan til ákveðins tilefnis.“ Er kröfugerðin þannig úr garði gerð að hún miðar ekki að því að gera endanlega út um ágreiningsefni aðila sem fyrr var lýst. Jafnvel þótt krafa stefnanda verði viðurkennd er ekki unnt að útiloka að stefndi telji sér engu að síður óskylt að ljá sinn atbeina að skipan oddamanns eða tilnefna mann í gerðardóminn af sinni hálfu. Lýtur krafa stefnanda einvörðungu að því að fá almenna lögfræðilega skýringu

á hinu umdeilda ákvæði. Telja verður að krafa af þessu tagi sé andstæð ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og sé því ekki dómtæk. Þá verður ekki séð að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá kröfu sína viðurkennda eða réttarfarsleg nauðsyn hafi knúið hann til að hafa kröfugerð sína eins almenna og raunin er. Samkvæmt þessu tel ég að taka beri frávísunarkröfu stefnda til greina.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur hrundið kröfu um frávísun verður tekin afstaða til kröfu stefnanda. Ég er sammála forsendum meiri hlutans að öðru leyti en því að umræddur gerðardómur geti hverju sinni metið hvort sérstakt tilefni sé til endurskoðunar kjarasamningsins. Í slíku tilviki reynir á túlkun og skýringu á hinu umdeilda samkomulagi um kjarasamninga félagsmanna SÍB, sem eins og áður greinir verður að líta á sem hluta kjarasamnings aðila. Það hlýtur því að vera hlutverk Félagsdóms að skera úr ágreiningi eins og hér um ræðir en ekki gerðardómsins. Af 4. og 6. gr. samkomulagsins verður að ætla að hlutverk gerðardómsins takmarkist einvörðungu við að leysa úr ágreiningi um það hvort hið sérstaka tilefni til endurskoðunar hverju sinni eigi að leiða til breytinga á kjarasamningi aðila eða ekki. Það getur ekki verið hlutverk gerðardómsins að meta grundvöll þess að hann eigi að koma saman, nema fyrir liggi ótvíræð heimild til þess. Að þessu athuguðu tel ég að taka eigi kröfu stefnanda til greina þannig: 3. mgr. 4. gr. samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB frá 12. maí 1977, milli Sambands íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráðs ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra er síðar hafa undirritað samkomulagið hins vegar, verði skýrð á þann veg, að aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins, þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 4. gr. með vísan til ákveðins tilefnis. Ekki er gerður ágreiningur um ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða Valgeirs Pálssonar.

Frávísunarkrafa stefnda, Samninganefndar bankanna, er tekin til greina.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur hrundið frávísunarkröfunni er efnisleg niðurstaða Valgeirs Pálssonar.

Krafa stefnanda, Sambands íslenskra bankamanna, er tekin til greina þannig: 3. mgr. 4. gr. samkomulags um kjarasamninga fé-

lagsmanna SÍB frá 12. maí 1977, milli Sambands íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráðs ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra er síðar hafa undirritað samkomulagið hins vegar, verði skýrð á þann veg, að aðilum samkomulagsins beri að skipa oddamann í gerðardóm skv. 6. gr. samkomulagsins, þegar annar hvor aðilinn hefur gert kröfu til endurskoðunarinnar skv. 4. gr. með vísan til ákveðins tilefnis. Ekki er gerður ágreiningur um ákvörðun málskostnaðar.